

Sel Samfélagsgreinar 8. bekkur 2020- 2021

Kennarar: Ásta Hlín Magnúsdóttir; Berglind Ósk Kristjánsdóttir; Guðrún Sesselja Sigurðardóttir

8

Lýsing

Farið er bæði í landafræði og sögu. Viðfangsefnin sem nemendur taka fyrir eru: Bylting • Fólksfjöldgun og tækni • Samfélagsbreytingar • Ártalaverkefni, uppfinningar og atburðir 19. aldar • Maður og náttúra • Heimsálfurnar.

Markmið:

Að nemendur:

- tengi náttúrufar, náttúrulegar auðlindir og lífsafkomu fólks við ákveðin svæði jarðar.
- kynnist hvernig menn nýta og/eða ofnýta auðlindir jarðar.
- kynnist íslenskri stjórnmalasögu 19. og 20. aldar og tengslum hennar við hugmyndasögu tímabilsins.
- geri sér grein fyrir hvernig breytingar á stjórnkerfi tengjast breytingum á atvinnulífi, menntun og öðrum þjóðfélagslegum þáttum.
- íhugi hvernig sjálfstæði, lýðræði, tækni, menntun og framfarir hafa áhrif á þjóðfélagsgerðina.

Námsefni:

Kennslubækur:

Lýðræði og tækni eftir Synnøve V. Hellerud og Sigrid Moen , þýðing og íslensk staðfærsla Gunnar Karlsson

Um víða veröld – Heimsálfur eftir Hilmar Egil Sveinbjörnsson.

- Efni af veraldarvefnum.
- Verkefni frá kennara.
- Myndbönd.
- Fræðibækur.
- Ýmis uppflettirit.

Kennsluaðferðir:

Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hópum. Horfa á fræðslumyndir. Einnig taka þau þátt í umræðum og afla sér upplýsinga, vinna úr þeim og kynna fyrir samnemendum.

Námsmat:

Verkefni, kannanir og vinnubrögð eru metin út frá hæfniviðmiðum námsgreinarinnar. Nemendur fá upplýsingar í upphafi

hvers verkefnis hvaða hæfniðviðmið verða metin hverju sinni og hvaða kröfur kennari gerir til nemenda. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og matið birtist reglulega á hæfnikorti nemenda í mentor.

SEL Samfélagsgreinar 8. bekkur 2020 - 2021 - Reyntluheimur - Umhverfi, saga, samfélag og menning

- Útskýrt og unnið með hugtök sem snerta söguna á 18. öld.
- Sagt frá atvinnubyltingunni á Íslandi og áhrifum hennar á búsetu Íslendinga.
- Sagt frá stofnun Lýðveldisins og aðdraganda þess.
- Geti unnið með og túlkað hugtök landafræðinnar.
- Geti sýnt fram á þekkingu á heimsálfu jarðar, út frá náttúru- og gróðurfari og náttúruauðlindum.
- Gert grein fyrir ólíkum íbúum, tungumálum, menningu, atvinnuháttum og öðrum sérkennum ólíkra landa og heimsálfa.
- Geti aflað upplýsinga um verðlag, metið þær og útbúið fjárhagsáætlun þar sem nemendur hafa tiltekin fjárráð til umráða.
- Gert grein fyrir frönsku byltingunni, orsökum og afleiðingum hennar og áhrifum hennar í öðrum löndum.
- Borið saman stöðu kvenna á 19. öld miðað við stöðu kvenna í dag.
- Gert sér grein fyrir tækninýjungum á 19. öld og skoðað þær í samhengi við framfarir á Íslandi.
- Geti fjallað um ólík lífskjör og þau mörk sem náttúran setur manninum.
- Geti sýnt fram á þekkingu á heimshöfunum og auðlindum þeirra.
- Geti fjallað um ólík lífskjör og þau mörk sem náttúran setur manninum.
- Þekki helstu persónur, atburði og ártöl tengd sögu 19. aldar.
- Gert grein fyrir þjóðernisbaráttu Íslendinga og áhrifum Jóns Sigurðssonar á hana.
- Gert grein fyrir fólksflutningum Íslendinga til Vesturheims og aðbúnaði þeirra þar.
- Þekki til mannfjöldapróunar á Íslandi og fólksfjölgunar á jörðinni.
- Þekki hugtök er varða yfirráð hafsins (landhelgi, efnahagslögsaga og fiskveiðilögsaga).
- Þekki heimsálfur og helstu höfin á korti.

SEL Samfélagsgreinar 8. bekkur 2020 - 2021 - Félagsheimur - Samskipti og vinnubrögð

- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipt með sér verkum í hópverkefnum og tekið virkan þátt við úrlausn þeirra.
- Miðlað þekkingu sinni á skýran hátt skriflega.
- Vinnur vel i kennslustund og fer eftir fyrirmælum.
- Borið ábyrgð á eigin námi, gögnum og skilaverkefnum.
- Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.
- Geti sýnt ábyrgð í meðferð heimilda og upplýsinga.
- Miðlað þekkingu sinni á skýran hátt munnlega.
- Beitt á sanngjarnan hátt sjálfsmati og jafningjamati.
- Farið eftir fyrirmælum um frágang og úrlausn verkefna.